# Thor Thors

Bjarni Benediktsson – Stjórnmálamaðurinn – Thor Thors

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SENDIRÁÐ ÍSLANDS
Washington

Db. sr. 8.D.9.
1a. ágúst, 1946.

Nr. 432.
The United Nations.

Með tilvísun til símskeytis sendiráðsins, nr. 134, sem sent var sunnudaginn 4. þ.m., vil ég skýra frá því, að laugardagsmorguninn þann 3. þ.m. afhenti ég á skrifstofu United Nations í Hunter College, Bronx, New York, inntökubeiðni í United Nations, sem var dags. 2. ágúst og var svohljóðandi:

"Acting under instructions from my Government I
"have the honor to inform Your Excellency that
"the Icelandic Parliament on July 25, 1946, passed
"a Resolution authorizing the Icelandic Government
"to apply for membership for Iceland in the United
"Nations.

"In accordance with this Resoloution and by authoriza-
"tion of my Government, I hereby have the honor to
"apply for membership for the Republic of Iceland in
"the United Nations and at the same time declare the
"willingness of Iceland to assume the obligations
"contained in the Charter of the United Nations.

"Accept, Excellency, the assurances of my highest
"consideration."

Skrifstofum United Nations er lokað á laugardogum og var því Mr. Sobolev, Acting Secretary-General, ekki viðstaddur, en eins og kunnugt er, var Tryggve Lie, aðalforstjóri United Nations, í Evrópu um þessar mundir. Það var ekki unnt að ná Mr. Sobolev í síma þennan morgun, en ég átti tal við einn aðstoðarmann hans, Dr. D. Protitch frá Yugoslavíu, og las ég fyrir honum inntökubeiðnina, en hann tjáði mér, að hún væri formlega rituð og að hún mundi verða staðfest með bréfi frá United Nations manúdagsmorguninn 5.

Utanríkisráðuneytið,

Reykjavík.

ágúst. Það bréf barst hingað þriðjudaginn 6. ágúst og fylgir það hér með í frumriti og afriti.

Eins og kunnugt er hafa auk Íslands sótt um inntöku þessi ríki: Albania, Mongólía, Trans-Jordan, Afganistan, Írland og Portugal. Varð Ísland því hið sjöunda í röðinni. Síðan hefir bæzt við Siam, og eins og símað var hinu háa ráðuneyti í dag, er búist við því, að Svíþjóð leggi inn umsókn sína í lok þessarar viku. Vegna deilna um umsókn Albaníu, sem Grikkland mótmælir, og Mongólíu, sem Kína vill fresta, hefir umsókn Íslands ekki enn verið tekin til umræðu, en mun verða það í þessari viku. Blöðin hafa ritað á þann veg um umsókn Íslands, að engrar andstöðu sé að vænta og sama hefir State Department tjáð mér. Ég hefi því talið rétt að leiða hjá mér að ræða við nokkurn af nefndarmönnum þeim í United Nations, sem um málið fjalla, en verði eg var við einhverjar efasemdir hjá nefndarmönnum, mun ég leita viðtals við þá.

Þess skal að lokum getið, að mér var kunnugt um það af viðræðum við State Department og aðra, að ekki mundi þýða að láta nein skilyrði fylgja umsókn Íslands. Það var síðan upplýst, að það gæti valdið misskilningi og jagnvel stofnað umsókn okkar í voða ef nefndarálit utanríkismálanefndar yrði látið fylgja umsókn okkar. Ákvað ég því að forðast það, en síðar kom skeyti hins háa ráðuneytis nr. 151, sem staðfesti þessa ákvörðun.

Jafnskjót og mér berast fregnir um, að nefnd United Nations sé tekin að fjalla um umsókn Íslands, mun eg síma ráðuneytinu.

Með sérstakri virðingu,

(sign) Thor Thors

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LEGATION OF ICELAND
WASHINGTON 6, D.C.

17. júlí, 1946.

Góði vinur,

Eg þakka bréf þitt frá 19. febrúar varðandi björgunarlaun fyrir Jón Axel Pétursson. Því miður hefir mál þetta dregist talsvert, fyrst og fremst vegna fjarveru minnar frá Washington og ennfremur vegna þess, að það gekk erfiðlega að finna þessa menn í War Shipping Administration, sem slík mál hafa með höndum. Eg átti persónulega tal við 3 menn í WSA, sem mér hafði verið vísað á, en enginn þeirra taldi þetta mál heyra undir sig, en loks náði eg sambandi við réttan aðila. Enginn árangur varð þó svo að þeir vísuðu málinu frá sér til eigenda skipsins. Eg sendi hér með afrit af bréfi frá War Shipping, sem skýrir málið og ennfremur afrit af bréfi til eigenda skipsins þar sem sendiráðið fer fram á björgunarlaun fyrir Jón Axel. Það hefir ennþá ekki borizt svar við þessu bréfi, en við munum halda málinu vakandi og eg mun láta þig vita strax og einhver endanleg niðurstaða hefir fengist.

Eg vil þá óska þér til hamingju með Alþingiskosningarnar. Þú virðist vera ódrepandi og gildir einu hvar á lista þér er skipað. Eg er því auðvitað afar feginn, að þú heldur áfrma þingsetu, en vitanlega hefði eg frekar kosið, að Björn Olafsson hefði náð kosningu sem 5. maður á lista og þú komið sem uppbótarþingmaður á þann hátt. Eg veit, að þér þykir það sjálfum leitt, að listanum skyldi vera breytt því að þér er það vissulega kærara, að allir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samningar séu haldnir.

Annars verð eg að segja það, að mér virðist öll ástæða til að vera ánægður með kosningaúrslitin. Það er sennilega til góðs, að Alþýðuflokkurinn náði sér aftur hæfilega á strik, og varla er það harmandi, að Framsóknarflokkurinn skyldi tapa tveim sætum. Það er að vísu alvarlegt, að annar eins fjármálaspekingur og Eysteinn Jónsson skyldi falla, en sennilega gjörir Framsóknarflokkurinn ráðstafanir til þess, að hans ljós fái að skína áfram á þingi. Það er langt síðan, að eg hefi heyrt nokkuð um pólitíkina heima og bíð eg þess með óþreyju. Heilsaðu þinni ágætu konu kærlega frá okkur Agústu. Með öllum beztu óskum.

Þinn einlægur,

Thor Thors

P.S.

Eftir að þetta var skrifað barst svar frá skipafélaginu, þar sem þeir segjast leita upplýsinga hjá vátryggendum í London. Hérmeð afrit af því bréfi. Munum fylgja málinu eftir.

T.T.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. júlí, 1946.

Eg þakka bréf þitt frá 19. febrúar varðandi björgunarlaun fyrir Jón Axel Pétursson. Því miður hefir mál þetta dregist talsvert, fyrst og fremst vegna fjarveru minnar frá Washington og ennfremur vegna þess, að það gekk erfiðlega að finna þessa menn í War Shipping Administration, sem slík mál hafa með höndum. Eg átti persónulega tal við 3 menn í WSA, sem mér hafði verið vísað á, en enginn þeirra taldi þetta mál heyra undir sig, en loks náði eg sambandi við réttan aðila. Enginn árangur varð þó svo að þeir vísuðu málinu frá sér til eigenda skipsins. Eg sendi hér með afrit af bréfi frá War Shipping, sem skýrir málið og ennfremur afrit af bréfi til eigenda skipsins þar sem sendiráðið fer fram á björgunarlaun fyrir Jón Axel. Það hefir ennþá ekki borizt svar við þessu bréfi, en við munum halda málinu vakandi og eg mun láta þig vita strax og einhver endanleg niðurstaða hefir fengist.

Eg vil þá óska þér til hamingju með Alþingiskosningarnar. Þú virðist vera ódrepandi og gildir einu hvar á lista þér er skipað. Eg er því auðvitað afar feginn, að þú heldur áfrma þingsetu, en vitanlega hefði eg frekar kosið, að Björn Ólafsson hefði náð kosningu sem 5. maður á lista og þú komið sem uppbótarþingmaður á þann hátt. Eg veit, að þér þykir það sjálfum leitt, að listanum skyldi vera breytt því að þér er það vissulega kærara, að allir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samningar séu haldnir.

Annars verð eg að segja það, að mér virðist öll ástæða til að vera ánægður með kosningaúrslitin. Það er sennilega til góðs, að Alþýðuflokkurinn náði sér aftur hæfilega á strik, og varla er það harmandi, að Framsóknarflokkurinn skyldi tapa tveim sætum. Það er að vísu alvarlegt, að annar eins fjármálaspekingur og Eysteinn Jónsson skyldi falla, en sennilega gjörir Framsóknarflokkurinn ráðstafanir til þess, að hans ljós fái að skína áfram á þingi. Það er langt síðan, að eg hefi heyrt nokkuð um pólitíkina heima og bíð eg þess með óþreyju. Heilsaðu þinni ágætu konu kærlega frá okkur Ágústu. Með öllum beztu óskum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur